

Lærdómur lækna af efnahagshruni



Hjördís Þórey Þorgeirsdóttir

hjordist@landspitali.is

Höfundur er í sérnámi í geðlækningum, geðsviði Landspítala.

Samtímis því að sjálfskoðun íslensku þjóðarinnar liggur fyrir með skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hefur náttúra Íslands tekið að gjósa ösku yfir þjóðirnar sem voruðu okkur við hruninu og þær sem síðar hafa boðið fram hjálparhönd. Það liggur við að þörf sé á afsökunarbeiðni fyrir hönd íslenskra náttúruafla, þeirra sömu og framgöngu svokallaðra útrásarvíkinga var gjarnan líkt við. Vonandi tekur umheimurinn þessari samlíkingu þjóðarinnar við náttúru sína ekki of bókstaflega og telur að við séum enn að „dissa“ umheiminn, að við höfum ekkert lært.

Með tilkomu skýrslunnar eru skjalfest hin fjölmörgu feilspor, fjallað er um mistök ráðamanna, embættismanna og eftirlitsstofnanna, en einnig um íslenska menningu og hlutverk þjóðarinnar. Ljóst er að yfirvöld brugðust, hitt er ekki síður mikilvægt að almenningur stóð sig ekki heldur sem skyldi, það er í hlutverki sínu að veita yfirvöldum aðhald. Í nýrri aðalnámsskrá grunnskólanna stendur til að bæta inn svokallaðri lýðræðismentun. Spurningin er hvort við hin þyrftum endurmenntun í lýðræðisþátttöku, til að gera okkur hæfari þátttakendur í nýju og betra samfélagi. Það er að minnsta kosti vert að líta í eigin barm og spyrja sig hvaða lærdóm maður sjálfur skuli draga af efnahagshruni landsins.

Að mati þjóðfundar Íslendinga eru ein mikilvægustu gildi í framtíðarsamfélaginu ábyrgð og lýðræði. Nauðsynlegt er að túlka þýðingu þessara gilda í eigin veruleika. Í tilfelli lækna felst það ef til vill í aukinni þátttöku í þjóðfélagsumræðu, að veita ráðamönnum aukið aðhald, sérstaklega í heilbrigðis- og félagsmálum. Það er þó ekki síður mikilvægt að skoða nærumhverfið, vinnustaði okkar, standa vaktina og vera virkir þátttakendur þar. Mikilvægt er fyrir stjórnendur að huga að því hvað felst í gildum eins og lýðræði og það er fagnaðarefni að boðuð hefur verið minni miðstýring á stærsta vinnustað lækna. Við sem ekki erum stjórnendur þurfum að valdeflast og átta okkur á eigin mikilvægi sem þátttakenda í gangvirki vinnustaðanna, líkt og almenningur er mikilvægasta afl lýðræðisríkis.

Fagmennska var það gildi sem trónði efst eftir þjóðfund lækna. Í því felst meðal annars að kunna sín fræði og stunda starf sitt í samræmi við þau. En hver er ábyrgð lækna gagnvart eigin gildi ef kringumstæður skerða möguleika til að stunda starf sitt af fagmennsku? Getum við yppt öxlum og bent upp á við? Hlýtur það ekki að vera hluti af ábyrgð lækna að standa vörð um sín gildi, til

dæmis með því að gera stjórnendum viðvart stefni í óefni og vinna að því að koma kringumstæðum eða breytingum í réttan farveg. Ef það reynist til ógerningur hlýtur læknirinn að spyrja sig hvort honum sé stætt á að starfa áfram við hin tilteknu skilyrði.

Þeirri spurningu svöruðu 65 lækna Landspítala neitandi nú á dögumum. Með því stóðu þeir vaktina og breyttu í samræmi við gildi hins nýja Íslands. Þeir höfnuðu samtímis aðferðum í aðdraganda breytinganna sem ekki voru í anda áður nefndra gilda, svo sem skorti á samvinnu og aukinni miðstýringu, sem fólst í tilskipun um sama vaktafyrirkomulag til allra starfseininga, jafnvel þótt það hentaði illa og leiddi ekki til fyrirsjáanlegra úrbóta. Það veigamesta var þó að hið nýja fyrirkomulag stóðst ekki lög.

Að standa vaktina kostaði þor og krafðist samstöðu, eiginleikar sem ekki voru fyrirferðarmiklir í sjálfsmynd læknastéttarinnar en hafa nú fengið uppreisn æru. Við búum yfir því sem þarf til að standa vörð um gildi okkar.

Almennir lækna og kandídatar eru um 200 talsins, fimmtungur lækna á Íslandi. Þessi hópur hefur vaxið á síðustu árum með auknu framboði sérnáms. Áhrif stéttarinnar og mótun starfsskilyrða hafa þó ekki þróast í samræmi við það. Almennir lækna og kandídatar eru „sérfræðingar“ í sínum störfum og eru best fallnir til að þróa og bæta þau, til þess hafa þeir þó haft lítið svigrúm. Því hefur vinnuskilyrðum lækna um allan skeið verið ábótavant. Vinnuálag er víða hættulega mikið, aðlögunartími nýrra lækna enginn, verkferli lítt mótúð og sífellt falla á hópinn fleiri verk sem eðlilegra væri að aðrar stéttir sinntu, svo sem ritastörf, blóðtökur, og ekg-mælingar, enda er ekki til skilgreining á verksviði þeirra. Umsjónardeildarlæknum hefur fyrst og fremst verið falið að sinna vaktamálum og hafa haft takmarkaða möguleika til að láta til sín taka í víðara samhengi. Staða deildarlækna í læknaáði hefur ekki verið nýtt til fullnustu fyrir en í ár. Orsökina er oft tímaskortur, þannig hefur vandinn hindrað lausn vandans, svokallað „catch 22“.

Með þeim sáttmála sem undirritaður var vegna deilunnar um vaktakerfi er búið að skapa vettvang til að snúa þessu við. Skoða á vinnu- og verkferla og gera nauðsynlegar úrbætur. Þetta er vonandi byrjunin á eðlilegri þróun á störfum þessa mikilvæga starfshóps sem er öllum í hag, spítala, læknum og sjúklingum. Því fögnum við.